



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. janúar 2024

nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda o.fl. (náttúruhamfarir í Grindavíkurbæ), 616. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvubréfs nefnda- og greiningarsviðs Alþingis frá 25. janúar sl. þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda o.fl. (náttúruhamfarir í Grindavíkurbæ), 616. mál. Frumvarpið kveður annars vegar á um framlengingu heimildar launagreiðenda í Grindavíkurbæ til að fresta staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds og hins vegar á um að sérstök eftirgjöf vaxta og verðbóta, af skuldum manna utan atvinnurekstrar vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, teljist ekki til skattskyldra tekna við álagningu opinberra gjalda á árunum 2024 og 2025 að nánari skilyrðum uppfylltum.

SA styðja frumvarpið og mæla með að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi. Líkt og rakið er í greinargerð með frumvarpinu hafa forsendur til atvinnurekstrar í sveitarfélaginu gjörbreyst og því nauðsynlegt að grípa til aðgerða sem miða að því að draga úr tjóni rekstraraðila. Framlenging á heimild til að fresta staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds er mikilvægur liður í þeim aðgerðum.

Í c. lið 1. gr. frumvarpsins, þar sem mælt er fyrir um nýja málsgrein á eftir 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XI í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, er kveðið á um heimild til að sækja um frest á greiðslum sem eru á eindaga 15. janúar 2025 skv. 3. málsl. 1. mgr. Samkvæmt ákvæðinu skal beina umsókn til Skattsins eigi síðar en 31. janúar 2025, þ.e. sextán dögum eftir að eindaga greiðslanna bar upp. Þá er mælt fyrir um það skilyrði fyrir veitingu frekari frests samkvæmt ákvæðinu að arði verði ekki úthlutað, eigin hlutir keyptir á árinu 2025 eða úttekt eigenda innan ársins 2025 fer umfram reiknað endurgjald þeirra.

Eðlilegast er að frestur verði framlengdur áður en eindagi er genginn í garð en séu greiðslur launagreiðanda skv. 20. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda eigi inntar af hendi á tilskildum tíma skal hann sæta álagi til viðbótar upphæð skilafjárins eða til viðbótar því skilafé sem honum bar að standa skil á, sbr. 1. mgr. 28. gr. Þó er heimilt að fella niður álag skv. 2. mgr. ef launagreiðandi færir fyrir því gildar ástæður sér til afsökunar, sbr. 6. mgr. 28. gr. sömu laga, en betur færi á því að veita framlengingu á meðan launagreiðandi nýtur enn frests skv. 3. málsl. 1. mgr.



Samtökin telja mikilvægt að niðurstaða um afgreiðslu umsóknar liggi fyrir sem fyrst og leggja til að mælt verði fyrir um að Skatturinn verði að ljúka afgreiðslu umsóknar innan nánar tiltekins frests frá því að umsókn barst. Þegar er mælt fyrir um að almenn afgreiðsla á greiðslufrestun sæti síðari endurskoðun og feli ekki í sér staðfestingu á því að skilyrði hennar hafi á afgreiðsludegi verið uppfyllt og því unnt að mæla fyrir um tiltölulega stuttan frest í þessum efnum. Jafnframt er ljóst að ekki verður litið til arðsúthlutana, kaupa á eigin hlutum á árinu 2025 eða úttekta eigenda innan ársins 2025 við afgreiðslu umsókna um framlengingu á fresti enda yrði að afgreiða umsóknir í upphafi árs 2025 og því nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingu á orðalagi ákvæðisins hvað þetta atriði varðar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Helgason